

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 10. ágúst 2022
UST202207-107/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 og nýtt deiliskipulag - Skagafell í Eyvindarárdal – Akstursíþróttasvæði

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Múlaþings er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 og nýju deiliskipulagi vegna akstursíþróttasvæðis í Skagafelli í Eyvindarárdal.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina opið svæði til sérstakrar nota í aðalskipulagi fyrir akstursíþróttir þar sem nú er óbyggt svæði.

Í henni kemur einnig fram að gert er ráð fyrir félags- og aðstöðuhúsum, bílastæði, ökugerði og brautum fyrir fjallahjól og vélhjól. Motor-cross braut fyrir mótórhjól verður um 2,5 km hringakstur, um 6-8 m breið, og fjallahjólbrautin verður í hlíðum Skagafells. Jafnframt breytingu á aðalskipulagi verður kynnt tillaga að deiliskipulagi svæðisins, þar sem mannvirkjagerð er nánar tilgreind, þ.m.t. byggingarreitir og brautasvæði. Svæðið er alls um 140 ha.

Forsendur

Umhverfisstofnun telur að betur þarf að fjalla um vistgerðir og votlendi á skipulagssvæðinu, en með þeim grunnforsendum er hægt að nýta við ákvarðannatöku, hönnun og mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin benti á ofangreinda þætti í umsögn um lýsingu verkefnisins dags. 25. nóvember 2021.¹

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að norðan Eyvindarár er svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, sem nefnist Austanverður Eyvindarárdalur. Í skráningunni segir svo um verndargildi: „*Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi náttúruminjanna og skoðað verði hvort innan skipulagssvæðisins séu jökulgarðar.

Landslag og ásýnd

Svæðið teygir sig vestur yfir fjallshrygginn og liggur rétt við þjóðveg 1 og verður því mjög sýnilegt allri umferð sem þarna á leið hjá. Auk þess munu brautirnar að öllum

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20-%20Skagafell.pdf>

Íkíndum skera fjallshlíðina sem mun geta haft töluverð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metið sé í tillögunni áhrif hennar á landslag og ásýnd og hvaða leiðir verði farnar til að minnka rask og draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd og landslag.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að nyrst á svæðinu er votlendi² sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá staðsetningu votlendisins á kortasjá NÍ.³

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðið sé hannað með þeim hætti að brautir, byggingar og bílastæði raski ekki votlendinu.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal lítið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingabæri sem verða fyrir röskun.

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <https://serstokvernd.ni.is/>

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé betur í deiliskipulagstillögunni um vistgerðir og fuglalíf innan skipulagssvæðisins. Hægt er að nýta m.a. upplýsingar úr greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar og af kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.⁴

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðin finnst m.a. nyrst á skipulagssvæðinu þar sem motorcross brautin er staðsett og bílstæðið.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni, að brautir séu afmarkaðar með tilliti til staðsetningar á vistgerðinni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Deiliskipulag og utanbrautaakstur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áður en farið er í framkvæmdir sé unnið deiliskipulag þar sem brautir á uppdrætti eru skýrar og skilmálar þurfa að vera mjög strangir varðandi breytingu á brautum frá því sem teiknað verður upp í skipulaginu. Án skilmála er hætt við að brautirnar verði síbreytilegar og umfang akstursbrautanna geti breyst verulega frá því sem lagt er upp með í skipulaginu.

Í greinargerð segir að brautir fyrir fjallahjól og Enduro-braut fari um hlíðar fjallsins, að mestu eftir kindagötum, en með lítilsháttar lagfæringum, og um sé að ræða fjölbreyttar brautir sem henti öllum aldurshópum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vandað sé til verka og gerðar séu varanlegar brautir sem beri þá umferð sem fer þar um. Krefjandi brautir geta kallað á umfangsmiklar framkvæmdir. Auk þess vill stofnunin ítreka mikilvægi þess að þær brautir, sem gerðar eru, falli vel að landslagi og rask sé í lágmarki. Einnig er mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver lengd fjallahjólbrauta sé og breidd þeirra sé að jafnaði.

⁴ <https://vistgerdakort.ni.is/>



UMHVERFIS
STOFNUN

Göngu- og reiðleiðir

Aðalskipulagsbreytingin gengur út á fella út gönguleið upp á Skagafell og einnig liggur reiðleið í jaðri skipulagssvæðisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess af fjallað sé um í tillögunni áhrif tillögunnar á útivist þeirra sem nýta svæðið til göngu- og hestaferða.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri